



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 6. desember 2005

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 45. mál.

Með bréfi dags. 22. nóvember 2005 óskaði félagsmálanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um ofangreint frumvarp. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:

Markmið breytingartillögunnar virðist vera að styrkja stöðu Jafnréttisstofu sem stjórnvalds og telur starfsfólk stofunnar þetta að sjálfsgöðu jákvætt. Hins vegar virðist ljóst að mun viðtækari endurskoðun á lögnum sé nauðsynleg ef efnisatriði þessa frumvarps verða samþykkt, ýmislegt þarf að skoða í þessu sambandi, t.d. mætti meta þörfina á því að stofna sérstakt embætti umboðsmanns jafnréttismála. Skoða þarf í þessu sambandi hvort skilja beri að rannsókn- og eftirlitshlutverk það sem Jafnréttisstofu er ætlað skv. lögnum.


Hvað varðar 1. og 2. gr. frumvarpsins, þá telur starfsfólk stofunnar nauðsynlegt að benda á að komi til aukin ábyrgð þá verður að fylgja auknið fjármagn. Eftirlitshlutverk stofunnar yrði stórukið ef þessar breytingar ná fram að ganga og mætti ætla að til þess að sinna því þyrfti að ráða fleira starfsfólk. Sama má segja um 3. gr., þ.e. ef Jafnréttisstofu er ætlað að afla upplýsinga og gagna fyrir meðferð fyrir Kærunefnd jafnréttismála, þá verður að styrkja starfsemi stofunnar fjárhagslega.


Hvað varðar 4. gr. frumvarpsins, þá telur Jafnréttisstofa nauðsynlegt að skerpa á þeirri lagaskyldu sem hvílir á fyrirtækjum með fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Skipan eða kjör jafnréttisfulltrúa á vinnustöðum gæti verið eitt skref í þá átt. Þó verður að benda á það að á meðan jafnréttisfulltrúar fá ekki hjálfun í aðferðafræði samþættingar og hafa ekki beinan aðgang að yfirmönnum og áhrif á þá, þá er ólíklegt að störf þeirra geti skilað miklu innan fyrirtækjanna. Samhliða þessu þyrfti því að formgera fræðslu fyrir fólk sem velst til þessara starfa.

Hvað varðar 5. gr. frumvarpsins, þá telur starfsfólk Jafnréttisstofu það mjög jákvætt að það verði skylda tilnefningaraðila að leggja fram nöfn bæði konu og karls. Vert er að benda á að eina nefndin eða ráðið á vegum ríkisins þar sem þessi háttur er hafður á er Jafnréttisráð, en konur eru yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem vinna að jafnréttismálum. Þó er enginn hörgull á körlum sem taka að sér þessi störf.

Að lokum vill Jafnréttisstofa benda á að töluvert vantar upp á að jafnréttislögin, eins og þau standa í dag, séu nægjanlega skilvirk stjórntæki. Nauðsynlegt er að þingmenn ræði þær breytingar sem gera þarf á lögnum til að þau skili bæði körlum og konum betra samfélagi.

Virðingarfyllst,


Margrét María Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri


Silja Bára Ómarsdóttir
sviðsstjóri